



Nefnd um frístunda- og menningarstarf í Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

1. fundur nefndar um frístunda- og menningarstarf í Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 15. apríl 2025 kl. 13.00.

Fundinn sátu:

Björn Kristinn Pálmarsson

Ása Valdís Árnadóttir

Ragnheiður Eggertsdóttir

Óttar Guðlaugsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Óttar Guðlaugsson

1. Mál – Skipun í stjórn

Nefnd um frístunda- og menningarstarf samþykkir að skipa Björn Kristin Pálmarsson sem formann nefndarinnar og Óttar Guðlaugsson sem ritara.

2. Mál – Verkefni Nefndarinnar

Nefndin samþykkir að vinna heildstætt að verkefnum á sviði frístunda- og menningarmála. Ákveðið er að hefja vinnu við undirbúning málstofu með fulltrúum félagasamtaka í sveitarfélaginu, í þeim tilgangi að greina þarfir þeirra og fá fram hugmyndir um eflingu frístunda- og menningarstarfs.

Nefndin samþykkir eftirfarandi drög að tímalínu verkefnisins:

- *Þarfagreining af hálfu sveitarfélagsins verði lokið fyrir lok maí 2025.*
- *Málstofa með félagasamtökum verði haldin í lok maí eða í byrjun júní 2025.*
- *Niðurstöðufundur verði haldinn fljótlega í kjölfar málstofunnar.*
- *Kynning á niðurstöðum málstofunnar fyrir sveitarstjórn fari fram á fundi sveitarstjórnar í kjölfar niðurstöðufundarins.*

Jafnframt fóru fram umræður um núverandi nýtingu húsnæðis sveitarfélagsins og virkni félagasamtaka til eflingar frístunda- og menningarstarfs. Sérstaklega var rætt um iþróttamiðstöðina, bókasafnið, félagsmiðstöðina, starfsemi fyrir eldri borgara og starf ungmennafélagsins.

Bókun:

Nefndin samþykkir að fela heilsu- og tómstundafulltrúa sveitarfélagsins að framkvæma þarfagreiningu varðandi frístunda- og menningarstarf í sveitarfélaginu. Þá samþykkir nefndin einnig að haft verði samband við ungmennaráð sveitarfélagsins til að tryggja að sjónarmið ungmenna komi fram í greiningarvinnunni.

Heilsu- og tómstundafulltrúa er falið að fylgja verkefninu eftir og upplýsa nefndina um stöðu þess á næsta fundi.



Nefnd um frístunda- og menningarstarf í Grímsnes- og Grafningshrepps

3.mál – næsti fundur

Nefnd um frístunda- og menningarstarf samþykkir að næsti fundur verði haldinn þann 7. maí 2025, að loknum fundi sveitarstjórnar sama dag. Ritari nefndarinnar mun senda út formlegt fundarboð með dagskrá í tæka tíð fyrir fundinn.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 14:15.